

4 apríl 2016.

Fundur nr. 6 í aðalstjórnar Vestra, kl 18.00 í Háskólasetrinu.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sólrún Geirsdóttir, Pétur Markan, Sigurður Jón Hreinsson og Guðni Guðnason.

1. Búningamál, litir og útlit.

Eftir fund með deildum fyrir tveimur vikum, standa eftir þrjár tillögur sem áhugi er fyrir að láta kjósa um.

A – Röndótt, blátt og hvítt

B – Röndótt, svart og blátt

C – Tvílitt, dökk blátt og rautt

Talað var um að stjórn gæti svo bæta við einum möguleika sem verður með í almennri kosningu, en ákveðið var að bæta engu við.

Formaður gerði grein fyrir samtölum sem hann hefur átt við forsvarsmenn búningaframleiðanda. Í þeim samtölum hefur komið skýrt fram að mjög erfitt getur verið að þjónusta félög sem eru ekki með „standard“ liti í sínum búningum. Varðandi græna litinn er jafnframt ljóst að mjög erfitt að fá utanyfirbúninga í þeim liti.

Fram kom að kosningaform á BB er nokkurnveginn klárt og verður væntanlega sett af stað á fimmtudag-föstudag. Kosning kemur til með að standa í eina viku.

2. Samkeppni um merki.

Enn á einn hönnuðurinn eftir að skila inn tillögu.

Umræða um merki fer fram á næsta fundi og stefnt er að því að kosning um merki verði í beinu framhaldi af kosningu um búninga.

3. Vallarhús.

Fyrir nokkru síðan, var ákveðið að formaður fylgdi eftir viðræðum við Ísafjarðarbæ um nýtingu á húsinu. Pétur Markan mun verða honum innan handar í þeim viðræðum.

Einnig er þörf á að ýta á frekari opnun á íþróttahúsinu á Torfnesi, yfir sumarið. Skoða þarf það með tvenn sjónarmið í huga, annarsvegar að hafa íþróttahúsið fyrir meistaraflokkana á leikjadögum í knattspyrnunni og svo einnig að opna frekar fyrir innanhúsæfingar yfir sumartímenn.

Fundi slitið kl 18:50

Fundargerð ritaði Siggí Hreins